

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu

ályktar

svohljóðandi:

Áhrifin af falli **Wow-air** á vormánuðum 2019 voru umtalsverð innan ferðaþjónustunnar strax í kjölfarið en komu fram af fullum þunga á síðara hluta ársins 2019 og í upphafi ársins 2020 þegar sætaframboð annarra flugfélaga til Íslands dróst saman. Í opinberum tölum hefur ferðamönnum fækkað á landinu á milli ára yfir jaðarmánuði ferðamannatímabilsins sem nú þegar hefur komið illa niður á mörgum fyrirtækjum innan ferðaþjónustunnar.

Ofan á þetta bætast áhrif af **Covid-19** veirunni. Atvinnugreinin er nú í fordæmalausri stöðu. Algjör óvissa er um framhaldið á næstu vikum og sérstaklega hver staðan verður þegar háannatímabil ferðaþjónustunnar gengur í garð.

Það skiptir sköpum hvernig **hið opinbera** stígur inn í þessar aðstæður, bæði ríki og sveitarfélög. **Ferðaþjónusta er undirstaða margra byggðarlaga** og hefur átt stærstan þátt í að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni undanfarin ár. Vöxtur í greininni hefur dregið nýja íbúa til þessara byggðarlaga og treyst lífsviðurværi þeirra sem fyrir voru betur í sessi. Langflest eru þetta fjölskyldufyrirtæki og smá á íslenskan mælikvarða. Það hlýtur því að vera kappsmál að treysta í sessi rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja og fleyta þeim yfir þann erfiða hjalla sem nú er horft fram á.

Er því **skorað á stjórnvöld**, sveitarfélagið auk ríkisstjórnarinnar, að **endurskoða allar opinberar álögur** fyrir utan það sem þegar hefur verið kynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Allar **almennar aðgerðir** sem geta hjálpað fyrirtækjum á allra næstu dögum og vikum hljóta að koma til skoðunar.

Er í ljósi framangreinds lagt til, hvort sem það samræmist gilandi lögum eða þarfnast lagabreytinga, að skoðað verði af hálfu hins opinbera hvort:

- a. Sveitarfélög geti lækkað og/eða endurákvæðað fasteignagjöld fyrir árið 2020 á atvinnustarfssemi.
- b. Ríkisstjórnin meti möguleika og áhrif þess að lækka virðisaukaskatt tímabundið innan ferðaþjónustunnar.
- c. Fella megi niður gistináttgjald tímabundið.
- d. Lækka megi starfshlutfall starfsmanna ferðaþjónustunnar tímabundið með það fyrir augum að hluti launa greiðist úr atvinnuleysistryggingarsjóði.
- e. Ríkisstjórnin meti að öðru leyti áhrif þess að lækka eða fella niður önnur opinber gjöld eða skatta með það fyrir augum að koma til móts við atvinnugreinina.